

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 194/1969. **Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir  
f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar**

(Lúðvík Gizurarson hrl.)

gegn

**Samvinnutryggingum**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson,  
Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Gæukur  
Jörundsson.**

Vátrygging.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1969. Hann áfrýjaði málinu upphaflega með stefnu 2. júní 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí s. á., en útivistardómur gekk í því máli hinn 1. október 1969. Kröfur áfrýjanda eru þær, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 282.500.00 með 7% ársvöxtum frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjanda hefur verið veitt gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en eftir öllum atvikum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 25.000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Gísla Gíslasonar og

Ásdísar Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns áfrýjanda, Lúðvíks Gizurarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. september 1968.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. þ. m., hafa þau Gísli Gíslason og Ásdís Guðmundsdóttir, Hásteinsvegi 36, Vestmannaeyjum, f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. október 1967, gegn Samvinnutryggingum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 282.500.00 auk 7% ársvaxta frá 22. apríl 1966 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til ýtrustu vara gerir stefndi kröfu um verulega lækkun stefnu-fjárhæðarinnar að mati dómara og að málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Leitazt hefur verið við að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt hins 22. apríl 1966 var Volkswagen bifreiðinni V 626, sem er af árgerð 1962, ekið um götur Vestmannaeyjakaupstaðar. Eigandi bifreiðarinnar var Stefán Gíslason, Hásteinsvegi 36, Vestmannaeyjum, og ók hann bifreiðinni. Auk hans í bifreiðinni voru þessir farþegar: Hörður Sigmundsson, Hásteinsvegi 38, er sat í aftursæti bifreiðarinnar vinstra megin, Kolbrún Sigurbjörnsdóttir, er sat í miðju aftursæti bifreiðarinnar, og Ólafur Óskarsson, Hásteinsvegi 40, er sat í aftursæti bifreiðarinnar hægra megin. Í framsæti bifreiðarinnar hægra megin sat færeysk stúlka að nafni Elísabet Bjarnason.

Er bifreiðinni var ekið norður Heiðarvegi í Vestmannaeyjum, vildi það slys til, að hún lenti aftan undir vörupalli vörubifreiðarinnar V 623, sem stóð þar kyrrstæð vinstra megin á Heiðarvegi á móts við húsið nr. 11. Vörubifreið þessi var Chevrolet, árgerð 1952, eigin þyngd 3020 kíló, breidd 2.35 m. Bifreiðin var tryggð hjá Samvinnutryggingum, skráður eigandi hennar var Emil Andersen, Heiðarvegi 13, Vestmannaeyjum. Við áreksturinn urðu stórkostlegar skemmdir á Volkswagen bifreiðinni V 626, og bifreiðarstjórinn, Stefán Gíslason, svo og Kolbrún Sigur-

björnsdóttir og Hörður Sigmundsson biðu bana af völdum meiðsla, er þau hlutu í árekstrinum.

Löggæzlumenn í Vestmannaeyjum komu á staðinn eftir slysið og veittu hinu slasaða fólki þá aðhlyningu, er þeir máttu, og gerðu enn fremur uppdrátt af vettvangi. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar er Heiðarvegurinn malbikaður og hallar til norðurs. Skyggni var gott í umrætt sinn og götulýsing sæmileg. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar urðu þessar skemmdir á Volkswagen bifreiðinni V 626 við áreksturinn: 1. Pallur V 623 hefur gengið inn í þakið aftur fyrir vinstri hurðarstaf. 2. Stýrishjól brotið og öxull hefur gengið upp um átta cm. 3. Vinstra ljósker brotnaði. 4. Stóll ökumanns losnaði úr festingu, laust bak var í stólnum. 5. Bifreiðin hafði öll skekkt.

Við áreksturinn urðu þessar skemmdir á vörubifreiðinni V 623: Aftara fjaðrahengsli hægra megin slitnaði, og afturöxull kastaðist fram. Aurhlíf hægra megin að aftan skemmdist einnig. Við áreksturinn kastaðist vörubifreiðin V 623 nokkuð til og færðist utar á götuna að aftan. Samkvæmt uppdrætti af vettvangi sýndist bifreiðin hafa kastast til u. þ. b. einn og hálfan metra.

Hemlaför eða hjólför eftir Volkswagen bifreiðina V 626 fundust ekki á vettvangi.

Verður nú rakið efni vitnaskýrslna:

Sigurður Thorarensen lögreglumaður, Vestmannaeyjum, gaf þá skýrslu hinn 22. apríl 1966, að nóttina áður hefði hann verið að störfum í lögregluliðinu. Um kl. 0135 hafi hann ekið lögreglubifreiðinni V 1 Vestmannabraut til vesturs og stöðvað við Heiðarveginn. Við hlið hans í framsæti hafi setið Lissie Wægthir. Er hann hafi verið staddur þarna á gatnamótunum, kvaðst hann hafa veitt tveim bifreiðum athygli, sem ekið hafi verið norður Heiðarveginn. Hafi Volkswagen bifreið, ljós á lit, verið á undan, en á eftir hafi verið ekið amerískri bifreið, ljósgrænni að lit. Hraði bifreiðanna hafi verið geysimikill. Kveðst Sigurður áætla, að hraðinn hafi verið 80—90 km miðað við klst. Stutt bil hafi verið á milli bifreiðanna, og virtist Sigurði draga saman með þeim, en bilið hafi verið innan við 5 metra. Hafi þeim verið ekið á miðri akbrautinni. Skammt fyrir ofan slökkvistöðina kvaðst hann hafa séð, að Volkswagen bifreiðinni hafi verið ekið aftan undir hægra pallhorn kyrrstæðrar vörubifreiðar, sem þar hafi verið. Virtist honum bifreiðin, sem var á eftir, ætla að lenda aftan á Volkswagen bifreiðinni, en ökumaður hennar

hafi getað bjargað því á síðustu stundu, og hafi bifreið hans vaggast mikið, þegar hún hafi smogið hjá þeirri bifreið. Sigurður kvaðst hafa snúið lögreglubifreiðinni við og ekið á slyssaðinn, þar sem þá hafi verið komnir nokkrir menn.

Lissie Wægthir hefur skýrt svo frá, að aðfaranótt 22. apríl 1966, um klukkan 0135, hafi hún verið stödd í lögreglubifreið á mótum Vestmannabrautar og Heiðarvegar. Hafi hún þá séð, hvar tveimur bifreiðum hafi verið ekið norður Heiðarveg. Virtist henni bifreiðunum vera ekið á meiri hraða en venjulegt sé, en treysti sér ekki til að segja, hversu hratt, enda hafi hún ekki ökuréttindi. Hún sá, að bifreiðin, sem ekið var á undan, lenti undir pall á vörubifreið, sem stóð kyrr. Hún kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, er þetta vildi til, en muna þetta þó glögg.

Ólafur Óskarsson hefur borið, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni V 626, er slysið varð. Hann kveður Stefán Gíslason hafa ekið bifreiðinni, en Hörð Sigmundsson hafa verið farþega í henni ásamt sér. Er þeir hafi verið á heimleið, hafi þeir séð tvær stúlkur fyrir framan bókabúðina við Kirkjuveg, sem þeir hafi þekkt. Hafi þeir boðið stúlkunum upp í bifreiðina. Stefán Gíslason hafi verið undir stýri, færeysk stúlka setið í framsæti, Kolbrún setið í miðri, og sjálfum kveðst Ólafur hafa setið hægra megin í aftursæti. Þeir hafi síðan ekið Kirkjuveg til suðurs, Vestmannabraut til vesturs, Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og Heiðarveg til norðurs. Meðan á þessum akstri hafi staðið, kveðst Ólafur annað slagið hafa séð ljós á bifreið fyrir aftan, ekki þó mjög nálægt, og hafi bifreiðin fylgt þeim eftir. Hann kvaðst telja, að hraðinn á bifreiðinni V 626 hafi verið 40—50 km miðað við klst., meðan á þessum akstri stóð. Hann kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort Stefán hafi aukið hraðann á Heiðarveginum. Er bifreiðin hafi verið komin á móts við verzlunina Bláfell, kveðst Ólafur hafa séð lögreglubifreiðina, þar sem henni hafi verið ekið til suðurs, skammt fyrir sunnan Vestmannabraut. Þegar þeir hafi ekið hjá lögreglubifreiðinni, kveðst Ólafur hafa litið aftur og þá séð ljós á bifreið þeirri, sem fylgt hafi þeim eftir. Taldi hann, að sú bifreið hefði verið komin norður fyrir Faxastíg, þegar hann leit aftur. Hann kvaðst hafa ætlað að fylgjast með lögreglubifreiðinni, en verið blindaður af ljósum bifreiðar þeirrar, sem komið hafi á eftir, og hafi hann ekki litið fram eftir það. Ólafur segist síðan ekki hafa vitað af sér, fyrr en hann hafi staðið austan megin á gangstéttinni við

Heiðarveginn. Þegar lögreglan hafi verið að fara af staðnum með hina slösuðu, kveðst Ólafur hafa fengið fulla rænu og þá munað eftir að hafa verið í bifreiðinni V 626 og látið lögregluna vita um það. Ólafur kvaðst ekki treysta sér til að fullyrða um hraða bifreiðarinnar V 626, er henni var ekið norður Heiðarveginn. Hann sagði, að það hefði ekki komið til tals í bifreiðinni að fara í kappakstur eða að stinga bifreið þá af, sem ekið hafði verið á eftir þeim.

Elísabet Bjarnason, færeysk stúlka, er var í bifreiðinni V 626, er slysið vildi til, hefur skýrt svo frá, að um kvöldið hafi hún verið á dansleik í Samkomuhúsi Vestmannaeyja. Hún hafi neytt áfengis á dansleiknum, en ekki orðið ölvuð, og kvaðst hún muna það, sem skeði á eftir. Skömmu eftir að dansleiknum lauk, kvaðst hún hafa farið upp í bifreiðina V 626. Ekki mundi hún, hvar það var, en það hafi verið nálægt samkomuhúsinu. Með sér hafi verið vinkona sín, Kolla, og hafi hún einnig farið upp í bifreiðina. Kveðst Elísabet hafa setið í framsæti, en Kolla sett á milli tveggja manna í aftursætið. Elísabet þekkti ekki göturnar í Vestmannaeyjum með nafni og gat því ekki sagt um, hvaða leið hafi verið ekin. En hún kvaðst halda, að þau hafi ekið upp brekku og síðan niður brekku aftur, þegar slysið vildi til. Hún kvaðst ekki hafa tekið eftir ljósum á bifreið fyrir aftan eða veitt lögreglubifreiðinni athygli. Hún kvaðst ekki skilja íslenzku vel og því ekki hafa getað fylgt með samræðum í bifreiðinni. Er slysið vildi til, sagði hún, að Kolla hefði verið að gefa sér eld í sigarettu og hafi hún því ekki tekið eftir vörubifreiðinni. Hún kvaðst ekki hafa ökuréttindi og því ekki geta áætlað hraða bifreiðarinnar í kílómetrum, en bifreiðinni hafi verið ekið hratt, og hana minnti, að ökumaðurinn hefði aukið hraðann, skömmu áður en slysið vildi til. Hún kvaðst hafa misst meðvitund við áreksturinn og gat því ekki skýrt frekar frá slysinu.

Bifreið sú, sem ekið var á eftir bifreiðinni V 626, var fólksbifreið, Rambler, ángerð 1960, skrásetningarnúmer V 627. Skráður eigandi hennar og ökumaður í umrætt sinn var Guðfinnur Guðmannsson, Bárugötu 16 B, Vestmannaeyjum. Guðfinnur Guðmannsson hefur skýrt svo frá, að nóttina, sem slysið vildi til, hafi hann hætt vinnu klukkan 2400. Að lokinni vinnu hafi hann ekið tveim mönnum heim og síðan hafi hann farið að aka um bæinn. Á Bárugötunni hafi hann tekið upp í bifreið sína þá Esra Ingólfsson og Kolbein Sigurjónsson. Báðir hafi menn þessir verið undir áhrifum áfengis, þó ekki áberandi. Guðfinnur kveðst

síðan hafa ekið Kirkjuveg til norðurs og á móts við Veitingastofuna Búr hafi hann veitt athygli bifreiðinni V 626. Hafi hann séð, að tveir kvenmenn voru í bifreið Stefáns. Hafi þeir kannast við kvenmennina og hugast ná tali af þeim og því hafi þeir ekið áfram Kirkjuveginn og síðan inn á Heimagötu og inn á Vestmannabraut og þá götu til vesturs. Á móts við samkomuhúsið kveðst hann hafa séð bifreiðina V 626 og fylgt henni eftir Vestmannabraut til vesturs, Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og vestur fyrir Heiðarveg, síðan hafi verið ekið eftir götum, sem Guðfinnur mundi ekki, hverjar voru, og síðan inn á Heiðarveg á móts við Kirkjuveg. Síðan hafi þeir ekið Heiðarveg til norðurs. Meðan á þessum akstri stóð, hafi bifreiðin V 626 verið um 50 metra á undan bifreið Guðfinns. Ökumaður bifreiðarinnar V 626 hafi gert tilraun til að stinga þá af. Kveðst Guðfinnur þá hafa reynt að stöðva ökumann bifreiðarinnar V 626 með því að blikka ljósunum. Taldi Guðfinnur víst, að ökumaður bifreiðarinnar V 626 hefði vitað af sér á eftir. Guðfinnur kvaðst ekki hafa séð neina bifreið á undan bifreiðinni V 626. Meðan á þessum akstri hafi staðið, segir Guðfinnur, að hann muni hafa ekið hraðast á um 70 km hraða miðað við klst. Hann hafi þó ekki litið á hraðamælinn. Þegar komið hafi verið inn á Heiðarveginn, kveður Guðfinnur ökumann bifreiðarinnar V 626 hafa aukið hraðann, þannig að Guðfinnur hafi misst sjónar af bifreiðinni V 626 á móts við verzlunina Borg, en þar sé beygja á veginum. Hafi hann þá verið staddur sunnan við verkamannabústaðina við Heiðarveg. Guðfinnur kvaðst þá hafa hægt ferðina niður í 40 km hraða og litið á hraðamælinn. Skammt fyrir sunnan Vestmannabraut hafi hann mætt lögreglubifreið. Þegar hann hafi farið fram hjá Vestmannabrautinni, hafi hann litið inn á hana og síðan fram og þá séð, hvar bifreiðin V 626 hafi verið lent undir palli á vörubifreið, sem staðið hafi skammt fyrir sunnan slökkvistöðina. Er hann hafi séð þetta, kveðst hann hafa stöðvað bifreið sína og lagt henni um 50 metra fyrir sunnan slysstaðinn. Hann kvað enga umferð hafa verið á móti, þegar slysið vildi til.

Jóhannes Esra Ingólfsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreið Guðfinns Guðmannssonar, V 627, nóttina, sem slysið vildi til. Hafi Guðfinnur sjálfur ekið bifreiðinni, en Jóhannes kveðst hafa setið í aftursæti hennar hægra megin, við hliðina á farþeganum Kolbeini Sigurjónssyni. Aðrir hafði ekki verið í bifreiðinni en þeir þrír. Er þeir hafi verið staddir hjá samkomuhúsinu, hafi Guðfinnur haft orð á því, að þarna væri

Stefán og það væru stúlkur í bifreiðinni hjá honum. Guðfinnur hafi síðan farið að fylgja bifreið Stefáns eftir og ekið Skólaveg til suðurs, Kirkjuveg til vesturs og Heiðarveg til suðurs. Guðfinnur hafi ekki ekið hratt Skólaveg og Kirkjuveg, en Jóhannes kvað sér hafa fundizt hann auka hraðann á Heiðarveginum, þó ekki mikið. Á móts við verzlunina Bláfell hafi sér virzt Guðfinnur draga aftur úr hraðanum, en þá kvaðst Jóhannes ekki hafa séð til ferðar bifreiðar Stefáns. Jóhannes taldi, að Guðfinnur hefði ekið á ólöglegum hraða eftir Heiðarveginum. Hins vegar treysti hann sér ekki til að áætla hraðann. Meðan á þessu stöð, kveðst Jóhannes hafa verið í samræðum við Kolbein og því ekki fylgzt vel með því, hvað skeði. Kappakstur hafi ekki komið til orða í bifreiðinni eða neitt í þá átt. Jóhannes kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis, þó ekki mikið. Hann kvaðst ekki muna eftir, að Guðfinnur beygði snögglega neðarlega á Heiðarveginum eða að hann missti stjórn á bifreiðinni. Guðfinnur hafi hins vegar kallað upp, að eitthvað hefði viljað til, og kvaðst Jóhannes þá hafa litið út um gluggann og séð, að bifreið Stefáns hafði lent undir palli á vörubifreið og að þakið var dældað niður.

Kolbeinn Oddur Sigurjónsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni V 627 nóttina, sem framangreint slys vildi til. Hafi Guðfinnur Guðmannsson, eigandi bifreiðarinnar V 627, ekið henni í umrætt sinn. Klukkan um það bil hálf tvö um nóttina hafi verið ekið norður Heiðarveg, og kvaðst Kolbeinn þá hafa orðið var við, að Volkswagen bifreið var ekið á undan. Kolbeinn kvaðst ekki hafa fylgzt með hraða bifreiðarinnar og vildi því af þeim sökum ekki fullyrða um, hve hann hafi verið mikill. Hún taldi, að þessi Volkswagen bifreið hafi verið búin að vera á undan þeim einn „rúnt“ í miðbænum og síðan upp fyrir Landakirkju og svo norður Heiðarveginn. Kolbeinn taldi ekki, að hér hefði verið um beinan eltingaleik að ræða og hraði bifreiðar þeirrar, sem hann hafi verið í, hafi ekki verið ofsalegur, því að ef svo hefði verið, hefði hann veitt því athygli. Hann kvaðst halda, að Volkswagen bifreiðinni hafi verið ekið hraðar norður Heiðarveginn, því að honum virtist bilið lengjast á milli bifreiðanna. Þegar þeir hafi verið komnir á móts við verzlunina Bláfell, hafi ökumaðurinn kallað eitthvað á þá leið, að bíllinn væri stoppaður. Því næst hafi hann dregið úr hraðanum og stöðvað bifreiðina á slysstaðnum. Kolbeinn kvaðst ekki muna eftir því, hvar Guðfinnur hafi lagt bifreið sinni, því að sér hafi fljótlega orðið ljóst, að þarna hefði orðið slys, og hafi

hann haft hugann við það. Hann kvaðst viss um, að bilið hafi verið talsvert milli bifreiðanna, og hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að ökumaður bifreiðarinnar V 627 hefði átt í neinum erfiðleikum með að koma í veg fyrir árekstur, þótt bifreiðin fyrir framan stöðvaðist skyndilega.

Kolbeinn kvaðst hafa verið á dansleik í samkomuhúsinu, áður en hann fór í ökuferð þessa. Hann kvaðst hafa smakkað áfengi, en fundið lítið til áfengisáhrifa, er hann hafi verið í bifreiðinni.

Emil Marteinn Andersen, eigandi vörubifreiðarinnar V 623, hefur skýrt svo frá, að hann hafi lagt bifreið sinni 18. eða 19. apríl 1966 vestan megin á Heiðarveginum, skammt fyrir sunnan slökkvistöðina. Hafi bifreiðin því verið búin að standa nokkra daga, áður en slysið vildi til. Hann taldi, að hann hafi lagt bifreiðinni um 7 metra frá slökkvistöðinni og um 30 cm frá gangstéttarbrún að aftan og lítið eitt meira að framan. Glitaugu á pallhornum hafi verið sett á í desember 1965 og því verið nýleg. Taldi hann, að þau hefðu verið sémilega hrein.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Dánarbætur . . . . . kr. 200.000.00
2. Útfararkostnaður . . . . . — 20.000.00
3. Tjón á bifreiðinni . . . . . — 62.500.00

Tjónið á bifreiðinni finnur stefnandi þannig út, að kaupverð hennar hafi verið kr. 75.000.00. Fyrir flak bifreiðarinnar hafi fengizt kr. 12.500.00. Þannig sé mismunurinn kr. 62.500.00.

Stefnendur, sem eru foreldrar Stefáns heitins Gíslasonar, byggja dómkröfur sínar í máli þessu á því, að bifreiðin V 626 hafi verið húftryggð hjá stefnda, þegar slysið vildi til. Einnig hafi bifreið þessi verið tryggð hjá stefnda með hinni svo kölluðu ökumanns- og farþegatryggingu. Beri stefnda því að bæta stefnendum það tjón, sem af framangreindum árekstri leiddi, enda er því haldið fram af hálfu stefnenda, að ökumaður bifreiðarinnar V 626 hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstrinum í umrætt sinn, enda þótt segja meg, að hann hafi sýnt af sér einhverja óvarkárni. Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ein aðalástæða slyssins hafi verið sú, að vörubifreiðinni V 623 hafi verið lagt ólöglega á stað, þar sem skýrt sé tekið fram, að bifreiðastöður séu bannaðar. Hafi vörubifreið þessi staðið á þessum stað óhreyfð í þrjá til fjóra daga og glitaugu hennar að aftan verið orðin rykfallin. Einnig hafi ökumaður bifreiðarinnar V 627, sem ekið hafi næst á eftir bifreiðinni V 626, þegar slysið varð, viðurkennt, að hann hafi gert tilraun til að stöðva bifreiðina V 626 með því

að setja háu ljósin á. Sé mjög líklegt, að með því hafi ökumaður bifreiðarinnar V 626 verið blindaður, þegar ljósgeislinn hafi fallið á spegil við framrúðu og lýst síðan beint framan í ökumanninn, enda sé bannað að setja á háu ljósin á upplýstum götum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt skýrslu lögreglunnar hafi skyggni verið gott í umrætt sinn, götulýsing sæmileg í grennd við slyssaðinn. Heiðarvegur sé malbikaður og halli til þeirrar áttar, sem bifreiðinni V 626 hafi verið ekið í umrætt sinn. Breidd götunnar sé samkvæmt uppdrætti lögreglunnar um 9 metrar milli gangbrauta. Auð akbraut meðfram vörubifreiðinni V 623 hafi mælt samkvæmt uppdrætti lögreglunnar vera um 6 metrar. Það komi eigi fram í gögnum málsins, að bifreið hafi komið á móti bifreiðinni V 626, er slysið varð. Hafi því verið ærið svigrúm bifreiðarstjórans til að komast áfallalaust um akbrautina.

Er slysið varð, bendi allt til þess, að bifreiðinni V 626 hafi verið ekið á ofsahraða og að kappakstur hafi verið háður milli þeirrar bifreiðar og bifreiðarinnar V 627, er ekið hafi verið næst á eftir henni. Hin hroðalegu ummerki eftir slysið séu staðfesting þess, hvers konar ógnarakstur hafi hér verið um að ræða. Það sé eigi aðeins, að bifreiðin V 626 sé sundurtætt, heldur hafi vörubifreiðin, sem á var ekið, kastast fram nokkurn spöl. Hér komi þó fleira til. Lögregluþjónninn Sigurður Thorarensen hafi verið sjónarvottur að slysi þessu. Samkvæmt vætti hans hafi bifreiðinni V 626 og bifreiðinni, sem á eftir henni fylgdi, V 627, verið ekið á geysihraða norður Heiðarveg, eða á 80—90 km hraða á að gizka.

En það hafi ekki aðeins verið gegndarlaus hraði á bifreiðinni V 626, er slysinu hafi valdið. Athygli bifreiðarstjórans hafi alls ekki beint að akstrinum og akbrautinni fram undan. Hefði svo verið, hefði ekki getað hjá því farið, að bifreiðarstjóri hefði séð hina kyrrstæðu bifreið fram undan, enda hafi hún haft glitaugu aftan á pallinum, og því átt þess hægan kost að varast hana, þar sem akbrautin til hliðar við hana hafi verið eins og meðalgata á breidd og hindrunarlaus. Það geti því ekki farið á milli mála, að akstur bifreiðarinnar V 626 hafi í umrætt sinn verið stórkostlega gáleysislegur. Með þessum gálauslega akstri hafi verið fyrirgert rétti til skaðabóta vegna tjónsins, þar sem það sé tekið fram í tryggingarskilmálum um tryggingar þær, sem stefndi tókst á hendur að tryggja bifreiðina með, að hvorki sé bætt tjón, sem valdið sé af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, né

heldur ef það á rætur sínar að rekja til kappaksturs. Þessu til áréttingar vísar stefndi til 5. gr. hinnar svonefndu ökumanns- og farþegatryggingar, sbr. 9. gr., b og f liði, skilmála hinnar lögboðnu ábyrgðartryggingar, og til 9. gr., e og h liði, hinnar almennu húftryggingar.

Þá hefur stefndi mótmælt því, að vörubifreiðinni V 623 hafi verið ólöglega lagt í umrætt sinn. Hún hafi staðið nokkuð fyrir sunnan umferðarmerki það á Heiðarveginum, er bannar bifreiðastöður, en undir því umferðarmerki hafi verið skilti, sem staðið hafi á 30 m, en það merki hafi átt að tákna, að bifreiðastöður hafi verið bannaðar og að bannað hafi verið að stöðva bifreið í 30 m fjarlægð fyrir norðan merkið, enda hafi slökkvistöð Vestmannaeyjakaupstaðar verið á því svæði.

Að endingu hefur stefndi mótmælt því, að það hafi verið ólöglegt af ökumanni bifreiðarinnar V 627 að blikka ljósum í umrætt sinn, og enn fremur er því mótmælt af hálfu stefnda, að endurskin af ljósum þeirrar bifreiðar hafi blindað ökumann bifreiðarinnar V 626 í umrætt sinn.

Umferðarmerki það, sem um er að tefla í máli þessu, stóð við rennusteininn á vestari gangbrautinni við Heiðarbraut í beinu framhaldi af suðurgafli slökkvistöðvarinnar. Umferðarmerki þetta var hringlaga með rauðum jaðri og bláum miðfleti. Í gegnum miðflötinn lá rautt strik frá norðvestri til suðausturs. Samkvæmt fylgiskjali B með reglugerð nr. 61 frá 1959 um umferðarmerki og notkun þeirra er skilti þetta merkt B 14 og tákna, að bannað sé að stöðva eða leggja ökutæki. Undir merki þessu var annað merki, ferhyrnt, er á stóð 30 m. Talan 30 m á merki þessu vissi til suðurs. Rétturinn lítur svo á, að með merki þessu hafi verið bannað að stöðva eða leggja bifreiðum á 30 metra svæði fyrir norðan merkið. Verður því að telja, að vörubifreiðin V 623, sem stóð fyrir sunnan umferðarmerkið, hafi staðið löglega í umrætt sinn.

Ekki verður heldur talið, að ljósmerki þau, er gefin voru frá bifreiðinni V 627, varði við lög, né heldur er það í ljós leitt, að þau hafi blindað ökumann bifreiðarinnar V 626 í umrætt sinn.

Af framburðum þeirra vitna, sem raktir hafa verið hér að framan, sérstaklega framburðum þeirra Sigurðar Thorarensens lögregluþjóns og Guðfinns Guðmannssonar, svo og skemmdum þeim, er urðu á bifreiðinni V 626, og ummerkjum á slysstað verður að telja nægilega í ljós leitt, að bifreiðinni V 626 hafi verið ekið með stórkostlegu gáleysi í umrætt sinn. Með þessu

ökulagi hefur verið fyrirgert rétti til skaðabóta vegna tjóns þess, sem stefnendur urðu fyrir, er slysið vildi til, samkvæmt e lið 9. gr. vátryggingarskilmála þeirra, er giltu um kaskótryggingu bifreiðarinnar. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.  
Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Samvinnutryggingar, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Gísla Gíslasonar og Ásdísar Guðmundsdóttur f. h. dánarbús Stefáns Gíslasonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---

Miðvikudaginn 20. janúar 1971.

Nr. 194/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

**Leifi Ingólfssyni**

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Líkamsáverkar. Skaðabætur. Sératkvæði.

#### Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur vitnið Gunnar Sigurður Magnússon komið fyrir sakadóm af nýju og borið, að framburður eiginkonu ákærða um líkamleg mök þeirra, konunnar og vitnisins, sé réttur og að ákærða hafi verið um þetta kunnugt.

Að svo vöxnu máli og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um frestun ákvörðunar um refsingu ákærða og svo um greiðslu sakarkostnaðar.